

- 2.12. Verksmiðjan skal sjá um, að mengunarvarnarbúnaður sé ávallt í sem fullkornustu lagi. Skal hafa reglulegt eftirlit með búnaði og ástandi hráefnis hverju sinni. Niðurstöður og athuganir skal skrá niður í sérstaka dagbók og skal fulltrúum Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnd heimill aðgangur að henni hvenær sem er.

3. Eftirlit og eftirlitsgjöld.

- 3.1. Fyrirtækið greiðir árlega eftirlitsgjald í samræmi við þriðja flokk starfsleyfisskyldra fyrirtækja í viðauka 8 í reglugerð nr. 389/1990. Gjaldið skal standa undir hluta af kostnaði vegna starfsleyfisskyldra fyrirtækja samkvæmt reglugerð.
- 3.2. Eftirlitið skal vera með tvennum hætti:
Beint eftirlit mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins annars vegar og hins vegar eftirlit fyrirtækisins sjálfs, sem Hollustuvend ríkisins fær sendar niðurstöður úr og flokkar og metur.

4. Gildistaka.

- 4.1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við mengunarvarnarreglugerð nr. 389/1990 sbr. lög nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

5. Ákvæði til bráðabirgða.

- 5.1. Frárennsli frá lifrabræðslunni sbr. gr. 2.6. skal tengjast fitugildru á árinu 1991.

Umhverfissráðuneytið, 23. apríl 1991.

F. h. r.
Páll Líndal.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um stærð og þyngd ökutækja, nr. 107 26. febrúar 1987.

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Lengd ökutækis má ekki vera meiri en 12 m. Lengd hópbifreiðar má þó vera allt að 14,5 m.

Heildarlengd ökutækis með festivagni eða hengivagni má ekki vera meiri en 16,5 m. Heildarlengd liðvagns má þó vera allt að 18 m.

Heildarlengd ökutækis með tengivagni má ekki vera meiri en 18 m. Heildarlengdin má þó vera allt að 18,5 m ef tenging beislisins er þannig að unnt er að stytta lengdina í 18 m.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 75. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. apríl 1991.

Óli Þ. Guðbjartsson.

Þorsteinn Geirsson.